

## REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1986.

Sameinaður rekstrarreikningur fyrir árið 1986.

**Fjármunatekjur:**

Vaxtatekjur og lántökugjöld .....	15 904 008
Verðbætur .....	4 508 387

Fjármunatekjur alls	20 412 395
---------------------	------------

**Fjármagnsgjöld:**

Vaxtagjöld og lántökukostnaður .....	1 903 417
Verðbætur .....	3 704 746
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga .....	25 791 860

	31 400 023
--	------------

Hrein fjármagnsgjöld	(10 987 628)
----------------------	--------------

**Aðrar tekjur:**

Framlag ríkissjóðs v/vaxtamismunar .....	18 240 000
Framlög sveitarfélaga .....	7 088 366
Gjald af söluv. landbúnaðarins .....	37 613 218
Húsaleiga .....	359 721

Aðrar tekjur alls	63 301 305
-------------------	------------

**Styrkveitingar:**

Styrkir .....	24 994 000
Eftirgefnir vextir .....	506 700
Eftirgefin lán .....	273 413

Styrkveitingar alls	25 774 113
---------------------	------------

Hreinar tekjur fyrir rekstrarg.	26 539 564
---------------------------------	------------

**Rekstrargjöld:**

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....	3 436 520
Stjórnarkostnaður .....	486 581
Rekstur fasteignar (Laugav. 105) .....	91 888
Innheimtulaun .....	752 264
Afskriftir .....	360 724

Rekstrargjöld alls	5 127 977
--------------------	-----------

Tekjuafgangur:	21 411 587
----------------	------------

**Sameinaður efnahagsreikningur 30. desember 1986.****Eignir:****Veltufjármunir:**

Bankainnstæður .....	63 891 572
Lánasjóður sveitarfélaga .....	160 241
Samband ísl. sveitarfélaga .....	356 122
Aðrir skuldunautar .....	1 415 161
Gjaldf. afb., vextir og verðbætur .....	46 119 443
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	592 564
Næsta árs afborganir útlána .....	13 116 608
	<hr/>
Veltufjármunir alls	125 651 711
	<hr/>

**Fastafjármunir:**

Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign .....	61 917 113
÷ Afborganir næsta árs .....	(31 294 682)
	<hr/>
Langtímakröfur alls	30 622 431
	<hr/>

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

Áhöld .....	821 213
Fasteignir .....	12 711 840
	<hr/>
	13 533 053
Afskrifað alls .....	(1 114 905)
	<hr/>
Varanl. rekstrarfjárm. alls	12 418 148
	<hr/>
Fastafjármunir alls	43 040 579
	<hr/>
Eignir samtals	168 692 290
	<hr/>

**Skuldir og eigið fé:****Skammtímaskuldir:**

Ógreidd ýmis rekstrargjöld .....	55 066
Séreignadeild .....	5 509 894
Aðrir lánadrottar .....	1 660
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	267 038
Næsta árs afb. af langtímaskuldum .....	10 297 592
	<hr/>
Skammtímaskuldir alls	16 131 250
	<hr/>

**Langtímaskuldir:**

Seðlabanki Íslands .....	3 503 732
Viðlagatrygging .....	14 030 853
	<hr/>
÷ Afborganir næsta árs .....	17 534 585 (10 297 592)
	<hr/>
Langtímaskuldir alls	7 236 993
	<hr/>
Skuldir alls	23 368 243
	<hr/>

**Eigið fé:**

Endurmatsreikningar .....	50 558 285
Eigið fé .....	94 765 762
	<hr/>
Eigið fé alls	145 324 047
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals	168 692 290
	<hr/>

Reykjavík, 4. febrúar 1987.

**Magnús E. Guðjónsson.**

*Birgir L. Blöndal.*

17. nóvember 1987

Nr. 511

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.